

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál í brennidepli – mikið óvissuástand

Valgerður Sverrisdóttir skrifar um málefni sjúkráhusanna

Það var ljóst í aðdraganda alþingiskosninganna fyrir um ári að Sjálfstæðisflokkurinn myndi sækjast eftir að ná völdum í heilbrigðisráðuneytinu að loknum kosningum. Þetta lét forsætisráðherra Geir H. Haarde m.a. koma fram í beinni útsendingu í sjónvarpsþætti og síðan þá hefur verið ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn hefur á stefnuskrá sinni að gera grundvallarbreytingar á kerfinu. Breytingar sem hann vissi að hann næði ekki fram í samstarfi við Framsóknarflokkinn. Þetta kom enn skýrar í ljós hjá Geir Haarde eftir að nýja ríkisstjórnin hafði verið mynduð, þegar hann þurfti að sannfæra flokksfélaga í Sjálfstæðisflokknum um ágæti þess að vinna með Samfylkingunni. Þá kom það skýrt fram að róttækar breytingar á heilbrigðiskerfinu væru mögulegar í þessu nýja samstarfi og það hafi verið grundvallaratriði.

Skelfilegt ástand

Nú hefur það gerst að forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss, Magnúsi Péturssyni, hefur verið bolað frá og hætti hann störfum í upphafi mánaðarins. Þegar ég spurði forsætisráðherra á Alþingi hvers vegna forstjórinn hætti brást hann illa við og vildi ekki viðurkenna að neitt athugasemdi væri við starfslokinn. Það má hins vegar

lesa á milli línanna í viðtali við fráfaramandi forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss að hann var hrakinn frá störfum. Hér er um að ræða einn virtasta embættismann þjóðarinnar sem leiddi m.a. sameiningu sjúkráhusanna sem var bæði flókið og vandasamt verkefni og mjög mikilvægt. Spítalinn virðist fyrir vikið eiga að vera forstjóralaus fram á haustið enda á greinilega að nota sumarið til umbyltingar á heilbrigðiskerfinu. Þá er Alþingi ekki að störfum og ríkisstjórnin fær meiri frið til aðgerða.



Valgerður Sverrisdóttir

Annað sem kom fram hjá fráfaramandi forstjóra var að starfsmenn sakna þess að vita ekkert um hvert förrinni er heitið. Alþingi hefur heldur ekki verið greint frá því hvert stefna skal og heilbrigðisráðherra reynir að gera lítið úr málinu og segir að hann hafi ekki annað í huga en að veita jafn góða eða enn betri þjónustu. Getur verið að hann fylgisti ekki með þeim áformum sem forkólfar í Sjálfstæðisflokknum hafa á þróunum í heilbrigðismálum?

Menntunarhlutverk Landspítalans

Landspítalinn hefur miklu hlutverki að gegna sem háskólasjúkrahús. Fram hefur komið hjá fráfaramandi forstjóra að „dálítið af lölu“ þurfi á Landspítalanum til að þar sé hægt að halda uppi menntun heilbrigðisstétta. Með því að aðgerðir á ákveðnum sviðum séu

» Ef stefna sjálfstæðismanna nær fram að ganga í skjóli Samfylkingar er verið að stefna einu besta heilbrigðiskerfi sem þekkist á byggðu bóli í hættu.

fluttar út af sjúkráhusinu til einka aðila verður ekki hjá því komist að semja við viðkomandi aðila að taka einnig að sér kennsluhlutverk. Þetta kom fram hjá forseta lækna-deildarinnar nýlega. Hann sagði enn fremur að engin fjárveiting væri til slíkra samninga. Það er því sama hvernig á málið er lítið – aukinn kostnaður er eina niðurstaðan. Enda er tilgangurinn ekki að spara heldur miklu frekar að koma stærri hluta heilbrigðisþjónustunnar í hendur sjálfstæðra rekstraraðila þannig að hluti fjármagnsins verði eftir í kassa þeirra.

Ef stefna sjálfstæðismanna nær fram að ganga í skjóli Samfylkingar er verið að stefna einu besta heilbrigðiskerfi sem þekkist á byggðu bóli í hættu. Auk þess er hægt að færa rök fyrir því að kostnaður við rekstur sjúkráhusanna í landinu hafi ekki hækkað frá árinu 2000. Það er ekki síst fráfaramandi forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss að þakka þar sem 70% af kostnaðinum liggur þar. Það er ekki mikið þó það hafi þurft að losa sig við hann.

Höfundur er alþingismaður.

Bregðast þarf við nú þegar og lækka eldsneytisgjald

Grétar Mar Jónsson skrifar um eldsneytisverð og mótmæli atvinnubílstjóra

RÍKIÐ verður að gjöra svo vel að koma til móts við almenning í landinu á þeim tímum efnahagsþrenginga sem gengisfall krónunnar er. Lækka þarf tímabundið álögur á bensín og dísilolíu til að vega á móti þeim miklu hækkingum sem lítið hafa dagsins ljós og raska í raun hvers konar áætlanagerð heimilanna í landinu sem og atvinnufyrirtækja. Lækkun eldsneytisgjalds nú þegar getur slegið á verðbólgu og minnkað áhrif á nýgerða kjarasamninga í landinu.

Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau gangi fram með sanngírni að leiðarljósi í stað þeirrar óbilgírni að senda reikninginn inn á heimilin meðan gumað er af hallalausum ríkisrekstri.

Ríkisstjórnin getur ekki horft aðgerðalaus á ástandið lengur. Atvinnubílstjórar hafa fengið nóg.

Alls konar kvaðir og höft hafa verið innleidd í formi EES-reglugerðar um vökulög sem bílstjórum er gert að fara eftir, en íslensk stjórnvöld hafa enn ekki sótt um undanþágu frá þeirri sömu reglugerð. Hér getur

» Lækkun eldsneytisgjalds nú þegar getur slegið á verðbólgu og minnkað áhrif á nýgerða kjarasamninga í landinu.

verið um að ræða sektir vegna tímamælinga milli staða sem til dæmis veðurfarskilyrði á leiðum um langan veg hér á landi hafa áhrif á. Sektir þessar skrá einnig punkta í ökuferilsskrá bílstjóra. Það er því mikilvægt að flýta vinnu við umsókn um undanþágu okkur Íslendingum til handa þannig að viðunandi starfsumhverfi geti verið til staðar. Nær allir flutningar um landið

fara nú fram landleiðina og hvers konar álögur á flutningafyrirtæki hafa margfeldisáhrif á vöruverð landsmanna.

Tryggja þarf viðunandi rekstrarskýrði atvinnubílstjóra með aðgerðum af hálfu stjórnvalda hið fyrsta.

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.



Grétar Mar Jónsson

Flugvöllurinn og Vatnsmýrin

Þorsteinn Sæmundsson vill að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni

SEGJA má að það sé að bera í bakkafullan lækinn að taka til máls um Vatnsmýrina og Reykjavíkurflugvöll. Svo mikið hefur verið rætt og ritað um þetta efni að flest sjónarmið hafa fengið að njóta sín. Þrátt fyrir það langar mig til að leggja fáein orð í belg.

Það er ekki ofmælt að flugvöllurinn sé eitt af því sem gerir Reykjavík að höfuðborg. Flutningur innanlandsflugs til Keflavíkur sýnist vera óráð og hugmyndir um lagningu járnbrautar til Keflavíkur illa grundaðar. Að mörgu yrði að hyggja áður en ráðist yrði í þá framkvæmd. Til dæmis þurfti að gera sérstakar ráðstafanir vegna snjókomu að vetrarlagi. Á síðasta ári olli lítils fæltar snjókomu stórfelldum vandræðum í járnbrautarkerfinu í Englandi, og svipuð vandamál hafa komið upp annars staðar, t.d. í Danmörku.

Nær allir sem eitthvað hafa komið nálægt flugmálum eru sammála um að ekki finnst betri staður fyrir Reykjavíkurflugvöll en Vatnsmýrin. Vangaveltur um

hugsanlegan flutning flugvallarinn hafa leitt til þess að endurbætur á aðstöðu fyrir innanlandsflug hafa tafast. Þá hefur fyrirhugaðri byggingu fangelsis á Hólmsheiði verið frestað af sömu ástæðu. Fyrir

skömmu var sagt frá því í fréttum að 140 afbrotamenn, sem búið væri að dæma til fangavistar hérlandis, gengju lausir þar sem ekki væri rúm fyrir þá í fangelsum landsins. Þetta ástand er óviðunandi og sýnir að ekki má dragast lengur að taka endanlega ákvörðun í flugvallarmálinu.

Þeir sem vilja flugvöllinn burt úr Vatnsmýrinni hafa stundum látið í veðri vaka að flutningurinn muni ekki kosta neitt; byggingarlóðirnar séu svo verðmætari að það vegi upp á móti kostnaðinum við að gera nýjan völlum. Þessi röksemd er illskiljanleg. Það kostar gríðarlegt fé að gera flugvöll. Einhver verður að greiða þann kostnað, undan því verður ekki vikist. Vafalaust sjá menn fyrir sér ein-

hvern sparnað við að byggðin þéttist. En þéttari byggð er ekki endilega betri byggð þótt ýmsir virðist standa í þeirri trú. Í flestum borgum hafa menn séð nauðsyn þess að hafa óbyggð svæði, jafnvel marga stóra garða. Lóðirnar sem fengjust í Central Park

í New York eða Hyde Park í London yrðu sennilega öllu verðmætari en lóðirnar í Vatnsmýrinni. Samt hafa menn ekki frestast til að þetta byggðina á þessum stöðum. Því miður hefur þegar verið tekin stór sneið af Vatnsmýrinni, nú síðast undir umferðaræð sem var að ýmsu leyti vanhugsuð. Nýr umferðarvandi er svo fyrirsjáanlegur á næstunni vegna Háskólans í Reykjavík. Staðarval þess skóla var einstaklega óheppilegt þótt fáir hafi hreyft mótmælum þegar ákvörðunin var tekin.

Vatnsmýrin er ekki sérlega heppilegt byggingarland, líklega með því erfiðasta á Reykjavíkursvæðinu. Ég mæli þar af nokkurrá reynslu því að fyrir þremur áratugum vann ég að því ásamt nokkrum félögum mínum að reisa flugskýli í svonefndum Fluggöðum við Reykjavíkurflugvöll. Okkur var sagt að staðurinn væri með þeim skástu á svæðinu, en samt reyndist býns langt niður á fasta undirstöðu, og vatnshæð var með ólíkindum mikill. Mýrin ber nafn með rentu, og það verður ekki auðvelt að veita vatninu frá án þess að skerða nauðsynlegt streymi til Tjarnarinnar. Framkvæmdakostnaður yrði því mikill, til viðbótar við hátt lóðaverð.

Þess er engin von að menn verði nokkurn tíma sammála um það hver sé besta lausnin á flugvallarmálinu. Hins vegar ættu allir að sjá að ákvörðun verður að taka án tafar. Vonandi verður það gert, og vonandi verður niðurstaðan sú að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni um ókomna framtíð. Ég geri mér engar vonir um að skrif eins og þessi hafi nokkur áhrif á ráðamenn. En hitt er víst að ég mun forðast að styðja í næstu kosningum nokkurn þann flokk eða frambyggðanda sem hefur það á stefnuskrá sinni að flytja Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni.

Höfundur er stjórnufræðingur og fyrrverandi einkaflugmaður.

Hver á sálinna?

Halldór Konráðsson svarar grein Halldórs Þorsteinssonar

HALLDÓR Þorsteinsson skrifar grein í Morgunblaðið hinn 25. mars þar sem hann fullyrðir að hann eigi sjálfur sína sál. Hann segir einnig að hann þekki ekki föður sinn á himnum.

Það er þó hægt heimatoðin að kynnaast honum. Um hann er kennt í kirkjum landsins og um hann má lesa í biblíunni. Ég trúir því að Guð hafi skapað Halldór eins og annað fólk. Það sem Guð hefur búið til hlýtur hann líka að eiga.

Halldór minnst orða jarðnesks föðursins sem sagði: „Ekkert vissum við um þennan heim áður en við fæddumst og ætli það verði nokkuð óörúvisi þegar við endanlega hverfum hédan. Sennilega sáms konar vitundarleysi og fyrir fæðingu.“

Víst er um það að við vissum ekki neitt um þennan heim áður en við fæddumst. Eigi að síður fæddumst við til þess lífs sem við nú lifum. Þó að við vitum ekki mikið um framhaldslífið þá er það engin sönnun þess að það sé ekki til. Jesús lofar þeim eilífu lífi og eilífri sælu sem á hann trúna. Það stendur Halldóri til bóða vilji hann kannast við Jesúm Krist.

Halldór bendir á að kristnir menn hafi látið margt gott af sér leiða. Hann minnst einnig á það sem miður hefur farið og skyggjast langt aftur í aldir til að finna eitthvað ámælisvert. Vissulega geta kristniðar gert mistök eins og aðrir.


Halldór kallar það yfirgang „að tróða kristni ofan í kok á þjóðum sem telja sig líka eiga sín eigin „sönnu“ trúarbrögð“. Ef Halldór heldur að með þessum orðum lýsi hann best störfum kristniðanna má með sama hætti segja að hann hafi sjálfur verið að tróða skoðunum sínum ofan í kok á lesendum Morgunblaðsins þegar hann skrifaði grein sína í blaðið. Hlutverk kristniðanna er að segja frá Jesú, kynna og boða trúna. Þeir sem á hlýða verða sjálfir að taka afstöðu.

Kristniðboði sagði mér frá manni í Afríku sem spurði hvernig Íslendingar hefðu fengið að heyra fagnadardropskapinn. Þegar hann fékk að heyra svarið sagði hann undrandi: „Þú hafir þekkt Jesú í meira en þúsund ár, og þú erud núna fyrst að koma til okkar. Hvers vegna komuð þú ekki miklu fyrr?“

Fátæk fjölskylda á eina geit, það er allur bústofninn. Ef einhver í fjölskyldunni veikist alvarlega þá er geitinni með fyrirsjáanlegum afleiðingum slátrað sem fórn til að blíðka andana í þeirri von að lækning fáiist. Fólk- ið lifir í stöðugum ótta við illa anda.

Þetta eru sterk dæmi sem minna okkur á að við sem höfum heyrt fagnadarerindið berum ábyrgð á að boðskapurinn berist áfram til þeirra sem enn lifa í myrkri heiðinnar.

Höfundur er formaður í Kristniðs-félagi karla í Reykjavík.



Þorsteinn Sæmundsson

» Ekki má dragast að taka ákvörðun um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Flest rök hníga að því að hann eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni.